

**FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR**

Miðvikudaginn 27. júní 2012 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Kosning oddvita og varaoddvita**

Fyrir fundinum lá bréf framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem greint er frá því að með vísan til nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sé mælt með að sveitarstjórnir kjósi oddvita og varaoddvita í júní á þessu ári.

Tillaga um að Adolf H. Berndsen verði oddviti og Halldór G. Ólafsson varaoddviti var samþykkt samhljóða.

**2. Kjörskrá vegna forsetakosninga 2012**

Fyrir fundinum lá bréf frá Þjóðskrá Íslands um meðferð kjörskrárstofna frá Þjóðskrá og kjörskrá fyrir sveitarfélagið Skagaströnd. Einnig lá fyrir bréf frá Þjóðskrá dags. 18. júní sl. þar sem gerð er ábending um leiðréttingu á kjörskrá vegna flutnings á lögheimili.

Sveitarstjórn samþykkti leiðréttingu á kjörskránni og kjörskrána í heild og fól sveitarstjóra að undirrita hana enda komi ekki fram frekari ábendingar um breytingar.

**3. Búnaður í bókasafn**

Fyrir fundinum lá samantekt um verðkönnun sem sveitarfélaginu hafði borist í hillukerfi fyrir bókasafnið. Gerð hafði verið verðkönnun hjá þremur aðilum í hillukerfi: Þjónustumiðstöð bókasafna, Rými og Pennanum.

Sveitarstjórn fór yfir verð og þær upplýsingar sem lágu fyrir um gerð og gæði þeirrar vöru sem var í boði. Samþykkt að semja við Þjónustumiðstöð bókasafna um hillukerfi í bókasafnið.

**4. Rekstur íþróttahúss og sundlaugar**

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað um rekstur og starfsmannahald íþróttahúss og sundlaugar. Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti að fela sveitarstjóra að ræða við starfsmann íþróttahúss um starf umsjónarmanns og auglýsa almennt starf í íþróttahúsi.

**5. Bréf:**

a. Fjárlaganefndar Alþingis, dags. 18. júní 2012

Í bréfinu kemur fram að fjárlaganefnd hyggist breyta áherslum sínum við fjárlagagerðina.

Bréfið var til kynningar.

b. Djásn og dúllerí, dags. 20. júní 2012

Með bréfinu óska aðstandendur handverksmarkaðarins eftir að sveitarfélagið styðji við starfsemina með því að leggja til starfsmann til að sinna afgreiðslu á markaðnum hluta úr degi fram til 15. ágúst.

Sveitarstjórn samþykkti að verða við erindinu með því að leggja til starfsmann úr vinnuskóla hluta úr degi á dagvinnutíma virka daga.

c. Sveitarstjóra til Farskóla Nl. vestra, dags. 15. júní 2012

Með bréfinu er óskað eftir samstarfi við farskólann til að ráða starfsmann í 50% stöðu til að sinna þrjúþættu verkefni: a) eflingu menntunar íbúanna b) sinna verkefnum fyrir Rannsóknarsetur HÍ á Norðurlandi vestra c) vinna við Ljósmyndasafn Skagastrandar. Bréfið var til kynningar en í umræðu um málið kom fram að sveitarstjórn er mjög sammála þeirri beiðni sem fram kemur í bréfinu.

d. RARIK dags. 16. maí 2012

Með bréfinu er farið yfir fjármálaleg samskipti Sveitarfélagsins Skagastrandar og RARIK vegna samnings um lagningu hitaveitu til Skagastrandar og lagður fram reikningur fyrir þeim 180 milljónum sem voru til greiðslu eigi síðar en 1. júní 2012.

Sveitarstjóri greindi frá því að umrædd greiðsla hafi verið innt af hendi og að greiðsla á 30 milljón króna framlagi af fjárlögum ríkisins hafi borist og verið hluti af greiðslunni.

Umræður urðu um hitaveitumál. Fram kom að hitaveitudögum hefur verið frestað til daganna 31. ágúst – 1. september. Kynningarbæklingur um málið sé í vinnslu.

Bréfið var til kynningar.

e. Sveitarstjóra til Siglingastofnunar, dags. 14. júní 2012

Með bréfinu er óskað heimildar til að hefja framkvæmdir við lengingu viðlegukants við hafnarvog Skagastrandarhafnar með vísan í samgönguáætlun 2009-2012.

Bréfið var til kynningar.

f. Umhverfisráðuneytisins, dags. 20. júní 2012

Með bréfinu er tilkynnt um þá niðurstöðu ráðuneytisins að sveitarfélagið þurfi hvorki að skila inn framkvæmdáætlun fyrir 15. febrúar 2013 til UST vegna urðunarstaðarins Neðri Harrastaða né tryggja söfnun á hauggasi frá og með 16. júlí 2013.

Bréfið var til kynningar.

g. Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Ísl. dags. 22. maí 2012

Með bréfinu eru reglur um umsóknir í Styrktarsjóð EBÍ kynntar og greint frá því m.a. að hvert sveitarfélag geti einungis sent eina umsókn vegna sérstakra framfaraverkefna.

Bréfið var til kynningar.

h. Maríu Ómarsdóttur og Ernu Hreinsdóttur, dags. 1. júní 2012

Bréfritarar beina þeirri hugmynd til sveitarstjórnar að aflétta gæludýrabanni af einhverjum íbúðum í eigu sveitarfélagsins með það í huga að fólk vilji fremur flytja til staðarins ef slíkur búsetuvalkostur sé til staðar.

## Sveitarstjórn Skagastrandar

### Fundargerðir

Sveitarstjórn ræddi erindið og þakkaði bréfiturum áhuga þeirra og góðan hug en taldi ekki fært að verða við erindinu þar sem rök gegn gæludýrahaldi í íbúðum sveitarfélagsins hefðu ekki breyst og mismunur sem af slíku leiddi myndu leiða til þess að regla um bann við gæludýrahaldi verði í raun óvirk.

i. Hrafnhildar Sigurðardóttur, formanns SÍM, dags. 21. maí 2012

Með bréfinu bendir Hrafnhildur á að Skagaströnd hafi ekki hlotið styrk úr Listskeytingasjóði ríkisins til kaupa á listaverkum. Sveitarstjórn ræddi erindi bréfsins og samþykkti að rita Listskeytingarsjóði bréf og sækja um styrk til uppsetningar á útilistaverki.

j. Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar, dags. 31. maí 2012

Með bréfinu er vakin athygli sveitarfélaga á lagaákvæði um efnistöku á landi úr ám, vötnum og af eða úr hafsbotni. Jafnframt er bent á að þær námur sem þegar hafa verið opnaðar þurfi að afla framkvæmdaleyfis eftir 1. júlí 2012.

Bent er á að eftirlit með efnistöku og að framkvæmdir séu í samræmi við útgefin framkvæmdaleyfi sé á ábyrgð sveitarstjórna.

Bréfið var til kynningar.

k. Centra fyrirtækjaráðgjöf, dags. 13. júní 2012

Með bréfinu býður Centra fyrirtækjaráðgjöf fram þjónustu sína til að vinna matsgerð í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem sveitarstjórnnum er gert skylt að láta gera sérstakt mat á áhrifum fjárfestinga á fjárhag sveitarfélags áður en ákvörðun er tekin um að ráðast í fjárfestingu.

Bréfið var til kynningar.

l. Tónlistarskólans á Akureyri, dags. 12. júní 2012

Halldór G. Ólafsson lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið vegna vensla við nemandann sem málið varðar og vék af fundi.

Með bréfinu leitar tónlistarskólinn eftir samþykki sveitarfélagsins á að greiða að fullu kostnað við hljóðfæranám á miðstigi hjá nemanda sem á lögheimili á Skagaströnd. Vísað er til samkomulags ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám.

Fram kom að umrætt nám sé á grunnstigi en ekki miðstigi og að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er að vinna að reglum og umsóknareyðublaði þar sem skýrar kemur fram hver verði endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna slíks náms skólaárið 2012-2013. Markmið Jöfnunarsjóðsins sé að ljúka frágangi þessara mála í júlí nk.

Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins þar til skýrar liggur fyrir hvaða forsendur liggja til grundvallar.

m. Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 11. apríl 2012

Með bréfinu er tilkynnt um að hlutur Sveitarfélagsins Skagastrandar í arðgreiðslum Lánasjóðs sveitarfélaga nemi 1.393.215 kr. sem er 0,293% hlutdeild.

Bréfið var til kynningar.

n. Framkvæmdastjóra SSNV, dags. 21. maí 2012

Í bréfinu sem er tölvubréf er greint frá þeirri hugmynd að efna til kynnis og námsferðar sveitarstjórnarmanna af Norðurlandi vestra vorið 2013 og óskað eftir að sveitarfélögin taki hugmyndina til skoðunar með tilliti til þátttöku.

Bréfið var rætt og lýst áhuga á málinu.

## **6. Fundargerðir:**

a. Fræðslunefndar, 14.06.2012

Á fundinn mætti Hildur Ingólfssdóttir skólastjóri og skýrði nánar þau mál sem fræðslunefnd tók afstöðu til. Eftirfarandi mál höfðu verið til umfjöllunar:

1. Skóladagatal  
Sveitarstjórn gerði ekki athugasemd við ákvörðun um skóladagatal
2. Frístundaver fyrir 1. – 4. Bekk  
Sveitarstjórn staðfesti ákvörðun fræðslunefndar um heimild til að ráða í 30% stöðugildi stuðningsfulltrúa til að koma á frístundaveri með fyrirvara um að nægjanleg þátttaka verði.
3. Ráðningar  
Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við afgreiðslu fræðslunefndar um ráðningar kennara og leiðbeinenda. Afgreiðsla fræðslunefndar á ósk skólastjóra um 50-75% stöðuhlutföll stuðningsfulltrúa var staðfest.
4. Kennslustundakvóti  
Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu fræðslunefndar á ósk um 330 kest./viku skólaárið 2012-2013.  
Að öðru leyti var fundargerðin til kynningar.

b. Hafnarnefndar, 04.06.2012  
Fundargerð hafnarnefndar var samþykkt

c. Stjórnar Félags og skólaþjónustu A-Hún, 07.06.2012  
Meðfylgjandi fundargerðinni var ársreikningur Félags og skólaþjónustu 2011 en í fundargerðinni kemur fram að stjórn hafi tekið hann til umfjöllunar og afgreiðslu. Ekki voru gerðar athugasemdir við fundargerðina en bent á talnamisræmi í ársreikningi.

d. Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, 04.05.2012  
Ekki voru gerðar athugasemdir við fundargerðina.

e. Stjórnar Fjölbautarskóla Norðurl. vestra, 07.06.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

f. Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 01.06.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

g. Stjórnar SSNV, 19.06.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

**Sveitarstjórn Skagastrandar**  
**Fundargerðir**

- h. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. 25.05.2012  
Fundargerðin var til kynningar.
- i. Stjórnar Hafnasambands Íslands. 16.05.2012  
Fundargerðin var til kynningar.
- j. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 20.06.2012  
Fundargerðin var til kynningar.

**7. Önnur mál**

Jón Ólafur Sigurjónsson lagði fram minnisblað um samkeppni um góðar hugmyndir að sprotafyrirtæki í atvinnumálum og óskaði eftir vinnufundi um málið. Samþykkt að taka málið fyrir á sérstökum vinnufundi.

Halldór spurðist fyrir um bréf vegna umhverfismála og eftir fylgni vegna þeirra. Sveitarstjóri greindi frá hver er staða þeirra mála.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12<sup>30</sup>

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson